

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

22. júlí 2022

Efni: Deiliskipulag Tryggvabraut -Vega –og stíghönnun á Tryggvabraut og aðliggjandi gatnamótum

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Athugasemdir Norðurorku hf. við deiliskipulagið:

1) **Hitaveita:**

Skv. þessum teikningum þá mun væntanleg göngubrú yfir Glerá lenda ofan á 500mm stofnlögn Norðurorku sem liggur frá Hjalteyri. Það er óásættanlegt með tilliti til viðhalds og umgengni við lögnina og loka sem eru á suðurbakka Glerár. Því óskar Norðurorka eftir að þessi áform verði endurhugsuð og brúin færð til vesturs en Norðurorka verði höfð með í ráðum við þá hönnun.

Norðurorka á brunna í Tryggvabrautinni sem upplagt /nauðsynlegt er að taka í þessum framkvæmdum, ásamt því að laga til í okkar dreifikerfi. Því óskar Norðurorka eftir góðu samráði þegar fara á í framkvæmdir og mögulega fá að hafa áhrif á framkvæmdaröð þannig að hægt væri að lágmarka lokanir til okkar viðskiptavina.

2) **Vatnsveita:**

Stofnlögn Vatnsveitu liggur í suðurhluta Tryggvabrautar og er sú lögn bæði gömul og úr pottstáli sem er ekki gott, því væri mjög gott að geta endurnýjað hana eins mikið og hægt er þessum framkvæmdum.

Því óskar Norðurorka eftir góðu samráði þegar fara á í framkvæmdir og mögulega fá að hafa áhrif á framkvæmdaröð þannig að hægt væri að lágmarka lokanir til okkar viðskiptavina

3) **Fráveita:**

Það verða allar lagnir lagðar nýjar fyrir fráveitu í Tryggvabraut og aðlagað þeim lögnum sem þarf að tengja við. Það þarf að hafa Vegagerðina með í ráðum því þeir eiga niðurföll í götunni. Norðurorka þarf að koma að hönnun á þessu. Svo þetta sé eins og best verður á kosið fyrir Norðurorku.

4) **Rafveita:**

Miðað við uppbyggingu núverandi dreifkerfis rafveitu þá munu umræddar breytingar hafa töluverð áhrif á viðhald / rekstur dreifkerfis. Flest allir strengir / götuskápar liggja í eða við gangstéttar í dag eða á svæðum sem gefa færi á að þjónusta þá við rekstur. Með því að færa til gangstéttar og götu má gera ráð fyrir því að loka þurfi götum eða færa til umferð, s.s. þegar og ef fara þarf í bilanaleit, rekstur og mögulegar lagfæringar í framhaldi. Þar sem strengir eru komnir út í götu mun öryggi starfsfólks Norðurorku rýrna líkt og gefur að skilja. Norðurorka óskar eftir að fá kvaðir um lagnaleiðir fyrir þær lagnir sem eru til staðar í dag, tengjast og eða liggja um skipulagssvæðið.

Norðurorka óskar eftir aðkomu að forhönnun með það að markmiði að færa til strenglagnir sem mögulega er hægt að hliðra til, auk þess að koma fyrir nýjum og eða lengja núverandi ídráttarrör.

Samkvæmt fyrrgreindu er ljóst að Norðurorka óskar eftir aðkomu að forhönnun fyrir þessar framkvæmdir.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samþ. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni www.akureyri.is

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu. www.map.is/no

Bestu kveðjur,

*Guðbjörg Sandra Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri teiknistofu*